

Samruni Kviku banka hf. og Netgíró hf.

I. Málsmeðferð

1. Með samrunaskrá, dags. 23. október 2020, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“) á 80,01% af heildarhlutafé Netgíró hf. (hér eftir „Netgíró“) en fyrir átti Kvika 19,99% af heildarhlutafé Netgírós.
2. Að mati eftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a sömu laga. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a samkeppnislaga og viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum (styttri tilkynning). Með bréfi, dags. 3. nóvember 2020 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum það mat sitt að samrunaskráin væri fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Byrjuðu frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann að líða þann 26. október 2020.
3. Í framangreindu bréfi óskaði Samkeppniseftirlitið jafnframt eftir frekari upplýsingum og gögnum frá samrunaaðilum. Bárust svör samrunaaðila og umbeðin gögn þann 4. og 5. nóvember 2020.
4. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, afhentra gagna frá samrunaaðilum, fyrri rannsókna eftirlitsins á viðkomandi mörkuðum og opinberra gagna.

II. Samruninn

5. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.
6. Samkeppniseftirlitið telur, líkt og samrunaaðilar sjálfir, að kaup Kviku á 80,01% af heildarhlutafé Netgíró samsvari yfirtöku Kviku á Netgíró og feli þar með í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Í kjölfar samrunans á Kvika allt hlutafé fyrirtækisins.

1. Samrunaaðilar

7. Í samrunaskrá kemur fram að Kvika sé sérhæfður banki, með starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þá hafi



Kvika verið skráð í Kauphöll Nasdaq OMX á Íslandi síðan 2018. Þá segir í samrunaskrá að aðalstarfsemi samstæðu Kvikú sé einkum eigna- og sjóðastýring, markaðsviðskipti, fyrirtækjaráðgjöf, bankaþjónusta og lánastarfsemi. Félagið sérhæfi sig í að veita sparifjár- og innlánsseigendum alhliða fjármálaþjónustu innan eignastýringar og sérbankaþjónustu. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá eru helstu viðskiptavinir bankans fyrirtæki, stofnanir og efnameiri einstaklingar.

8. Samkvæmt samrunaskrá veitir Kvika einnig almenna bankaþjónustu í gegnum netbanka, þar sem viðskiptavinir geta sinnt fjölbreyttum bankaviðskiptum sínum og fylgst með stöðu verðbréfasafna sinna. Þar segir einnig að Kvika sinni útlánastarfsemi og bjóði viðskiptavinum sínum upp á nokkrar tegundir óverðtryggðra og verðtryggðra innlánsreikninga.
9. Í samrunaskrá kemur einnig fram að Kvika sinni að auki þjónustu við fagfjárfesta og stofnanafjárfesta og veiti þeim þjónustu á sviði markaðsviðskipta og fyrirtækjaráðgjafar. Dótturfélag þess, Kvika eignastýring, veiti jafnfram sömu aðilum þjónustu á sviði eignastýringar og reksturs framtakssjóða.
10. Þá segir að Framtíðin sé útibú Kvikú sem bjóði upp á fasteignalán til einstaklinga. Annars vegar sé boðið upp á viðbótarhúsnæðislán frá 5 til 25 ára þar sem vextir ráðast af veðsetningarhlutfalli. Hins vegar sé boðið upp á brúarlán, sem séu hugsuð til að brúa bilið á milli sölu eldri eignar og kaupa á nýrri.
11. Fram kemur að Dótturfélagið GAMMA Capital Management hf. eigi 75% hlutdeildarskírteina í fagfjárfestastjóðnum SOLIDUS, sem eigi 19,47% hlut í fjártækniyrirtækinu Aur app ehf. Þá segir að meginstarfsemi Aurs sé fjártækniþjónusta, þróunarvinna og skyld starfsemi, en hluti af starfseminni felist í að veita neytendum lán. [...]¹
12. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er Netgíró lánafyrirtæki sem starfrækir rafræna greiðslulausn sem gerir neytendum kleift að taka neyslulán til að fjármagna kaup á vörum hjá tilteknum endursöluaðilum. Í samrunaskrá segir að þær vörur sem Netgíró bjóði upp á séu (i) greiðslulausn sem geri neytendum kleift að nota lausnina hjá þeim söluaðilum sem styðjast við sölukerfi Netgíró, (ii) 14 daga vaxtalaus greiðslufrestur þegar greitt sé með Netgíró greiðslulausn í verslun eða á netinu, (iii) raðgreiðslur sem geri neytendum kleift að skipta færslum niður á allt að 24 mánuði, og (iv) peningalán í allt að 24 mánuði sem geri viðskiptavinum kleift að nota fjármagn fyrir utan kerfi Netgíró.
13. Í samrunaskrá segir einnig að Netgíró sé ekki með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaþjónustur og sæti því ekki eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Tilgangur Netgíró sé samkvæmt samþykktum að auka skilvirkni, öryggi og hraða í viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja á Internetinu.

III. Niðurstaða

2. Markaðir máls, hlutdeild á þeim og mat á áhrifum samrunans

14. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Hér verður fjallað um markaði málsins og áætlaða hlutdeild. Samhliða verður lagt mat á áhrif samrunans.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.



15. Í upphafi er rétt að fjalla stuttlega um markaðsskilgreiningu í samkeppnisrétti.

2.1. Almennt um markaðsskilgreiningu í samkeppnisrétti

16. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngubjónustu. Hagfræðileg rök hníga að því að greina verði viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar þurfi að bera kennsl á vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar afmarka landfræðilega markaðinn. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni sjálfri og hvar hún er seld.
17. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu að mati neytenda.
18. Einnig getur verið viðeigandi að taka framboðsstaðgöngu með í reikninginn þegar markaðir máls eru skilgreindir. Á þetta við þegar framboðsstaðganga hefur sambærileg áhrif og eftirspurnarstaðganga m.t.t. skilvirkni (e. effectiveness) og tafarleysi (e. immediacy). Þetta felur í sér að seljendur geti fært framleiðslu sína að viðkomandi vörum og markaðssett þær innan skamms tíma, án þess að verða fyrir verulegum viðbótarkostnaði eða áhættu, til að bregðast við litlum og varanlegum breytingum á hlutfallsverðum.
19. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

2.2. Sjónarmið samrunaaðila um markaði máls, hlutdeild og áhrif samrunans

20. Að mati samrunaaðila er skörun á milli starfsemi Kviku og Netgíró takmörkuð. Bent er á að Kvika veiti fyrirtækjum, stofnunum og efnameiri einstaklingum þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi og sérhæfi sig í að veita sparifjár- og innlánseigendum alhliða fjármálþjónustu innan eignastýringar og sérbankaþjónustu. Starfsemi Netgíró snúi hins vegar að lánveitingum og einföldum raðgreiðslum til neytenda. Kjarnastarfsemi samrunaaðila sé þannig ólík að mestu leyti. Bent er á að þrátt fyrir að báðir aðilar stundi lánastarfsemi, þá sé lítil sem engin skörun á milli viðskiptamannahópa þeirra enda þjónusti Kvika einna helst fyrirtæki og efnameiri einstaklinga en Netgíró þjónusti neytendur.
21. Samrunaaðilar telja að eini snertiflöturinn á starfsemi þeirra, eða fyrirtækja undir yfirráðum þeirra, sé á markaði fyrir lán til einstaklinga. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til þess að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2020, *Undanþága fyrir samstarfi lánveitenda um tímabundna greiðslufresti á lánum einstaklinga vegna áhrifa COVID-19*, hafi eftirlitið talið að markaður þess máls væri heildarmarkaðurinn fyrir lán til einstaklinga hérlendis og geti hið sama átt við í þessu máli. Samrunaaðilar telja ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort skilgreina eigi markaðinn fyrir lán til einstaklinga í sérstaka undirmarkaði í þessu máli enda myndi starfsemi samrunaaðila mögulega falla undir sitthvorn undirmarkaðinn og markaðshlutdeild þeirra í öllu falli vera óveruleg. Samrunaaðilar telja vörumarkað málsins því vera markað fyrir lán til einstaklinga.



22. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins landið Ísland. Í þessu samhengi vísa samrunaaðilar til þess að framkvæmdastjórn ESB hafi í fyrri ákvörðunum litið svo á að landfræðilegur markaður fyrir viðskiptabankajónustu til einstaklinga (e. retail banking services) sé landsbundinn vegna mismunandi samkeppnisskilyrða milli landa og mikilvægi netáhrifa útibúa (þ.e. þess að hafa útibú víðsvegar). Þá hafi framkvæmdastjórnin komist að sömu niðurstöðu um markað fyrir lán til einstaklinga. Samrunaaðilar telja að sömu sjónarmið eigi við héraendis og telja markaðinn vera landið allt.
23. Hvað varðar hlutdeild samrunaaðila á heildarmarkaði fyrir lán til einstaklinga, telja þeir hana afar litla í hlutfalli við hlutdeild stóru viðskiptabankanna. Vísa samrunaaðilar í því sambandi til upplýsinga um stöðu lána til viðskiptavina sem fram koma í ársreikningum Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankans, Kviku, Borgunar og Netgíró. Telja samrunaaðilar ljóst að yfirburðastaða stóru viðskiptabankanna þriggja í útlánum til viðskiptavina endurspeglar stöðu þeirra á markaði fyrir heildarlán til einstaklinga, sem og þeim hluta markaðarins sem snýr að ótryggðum útlánum til einstaklinga. Er það mat samrunaaðila að þeir hafi hvor um sig um 0-5% hlutdeild á viðkomandi markaði.
24. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa áhrif á markaðsgerð markaðar fyrir heildarlán til einstaklinga héraendis. Þannig séu ekki líkur á skaðlegum áhrifum á samkeppni, s.s. að útilokunaráhrif skapist, þar sem markaðshlutdeild samrunaaðila sé óveruleg. Eigi það við hvort sem litið er til heildarmarkaðar fyrir lán til einstaklinga héraendis eða afmarkaðra sviða markaðarins, s.s. markaðar fyrir ótryggð útlán til einstaklinga (þ.m.t. yfirdrátt, kreditkortalán, raðgreiðslusamninga, skammtímalán og ótryggð skuldabréf).
25. [...]²
26. Helsta ástæða þess að samrunaaðilar telja samrunann ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni á markaði málsins er sterk staða stóru viðskiptabankanna þriggja á öllum undirmörkuðum almennrar viðskiptabankajónustu síðustu ár. Að mati samrunaaðila er samruninn frekar til þess fallinn að auka samkeppni á markaði með því að efla samkeppnisskilyrði á markaði þar sem samþjöppun er mikil.
27. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða samrunaaðila um hvort greiðslulausn Netgíró hefði samkeppnislegt gildi á markaði fyrir greiðsluþjónustu og um það hvaða aðilar aðrir en Netgíró bjóði sambærilegar greiðslulausnir til neytenda héraendis. Í svari samrunaaðila segir m.a. að Netgíró starfræki rafræna greiðslulausn sem geri neytendum kleift að taka neyslulán til að fjármagna kaup á vörum hjá tilteknum endursöluáðilum. Að mati samrunaaðila bjóði m.a. Valitor, Borgun, Korta Payments (Rapyd Europe), Síminn þei, Þei.is, Aur.is og Greitt.is sambærilegar lausnir og Netgíró. Telja samrunaaðilar erfitt að segja til um hver hlutdeild Netgíró sé á markaði fyrir greiðslulausnir til neytenda. Þó félagið álíti sig gildandi samkeppnisaðila á þeim markaði sé hlutdeild þess lág í samanburði við hlutdeild framangreindra samkeppnisaðila. Þá sé engin skörun samrunaaðila á viðkomandi markaði.

2.3. Mat Samkeppniseftirlitsins

28. Að mati Samkeppniseftirlitsins kemur til greina að fallast á markaðsskilgreiningu samrunaaðila, þ.e. að sá markaður sem við á í þessu máli sé heildarmarkaðurinn fyrir lán til einstaklinga. Ljóst er að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins hvort markaðurinn er skilgreindur með svo

² Fellt út vegna trúnaðar.



breiðum hætti eða með nánari hætti niður í einstaka undirmarkaði. Ræðst það af því að umfang starfsemi samrunaaðila á lánamarkaði er afar smá í sniðum í samanburði við starfsemi keppinauta þeirra á lánamarkaði, einkum lánastarfsemi stóru viðskiptabankanna þriggja.

29. Við mat á mörkuðum máls og áhrifum samrunans er rétt að taka tillit til þess að lítil skörun virðist vera á milli þeirrar lánastarfsemi sem stunduð er í annars vegar Kviku og hins vegar í Netgíró með hliðsjón af þeim ólíku viðskiptamannahópum sem hvort fyrirtæki um sig þjónar. Þetta gefur a.m.k. til kynna að ekki sé um nána keppinauta að ræða á heildarmarkaði fyrir lán til einstaklinga.
30. Þá telur Samkeppniseftirlitið að [...]³
31. [...]⁴ Hvað sem þessu líður, þá breytir það ekki niðurstöðu málsins.
32. Samkeppniseftirlitið telur að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé ljóst að markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim lánamarkaði sem áhrifa samrunans gætir sé það lítil að þarflaust sé að leggja nákvæmt mat á hana með sérstakri gagnaöflun. Þannig myndi nákvæmt mat ekki hafa áhrif á niðurstöðuna, óháð því hvort markaður málsins væri talinn vera heildarmarkaðurinn fyrir lán til einstaklinga eða einstakir undirmarkaðir þess markaðar. Vísast í þessu sambandi til umfjöllunarinnar hér að framan og upplýsinga sem fram koma í útgefnum ársreikningum og í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins er lúta að starfsemi fjármálafyrirtækja.⁵
33. Að mati Samkeppniseftirlitsins bendir ekkert til þess að samruninn muni leiða til myndunar eða styrkingar markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á lánamarkaði né að samkeppni á lánamarkaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
34. Hvað varðar þá hlið málsins er lýtur að áhrifum á markaði fyrir greiðslulausnir, þá fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að neitt bendi til þess að samruninn sé til þess fallinn að raska samkeppni á þeim mörkuðum sem þar gæti verið um að ræða með umtalsverðum hætti, hvað þá að hann muni leiða til myndunar eða styrkingar markaðsráðandi stöðu. Í þessu sambandi vísast einkum til þess að Kvika býður ekki upp á eigin greiðslulausn og hefur ekki yfirráð yfir neinum fyrirtækjum sem bjóða upp á sambærilega greiðslulausn og Netgíró.⁶

3. Samandregin niðurstaða

35. Heildarniðurstaða Samkeppniseftirlitsins í þessu máli er sú að ekki séu fyrir hendi vísbendingar um að samruninn leiði til myndunar eða styrkingar markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á neinum markaði. Jafnframt verður ekki séð að samkeppni á mörkuðum raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Sameinað fyrirtæki kann hins vegar verða betur í stakk búið til að veita stærri keppinautum samkeppni á lánamarkaði og á mörkuðum er lúta að greiðsluþjónustu.

IV. Ákvörðunarorð

³ Fellt út vegna trúnaðar..

⁴ Fellt út vegna trúnaðar..

⁵ Í þessu sambandi mætti nefna m.a. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2015, 22/2017, 24/2017, 25/2017, 46/2017, 5/2019, 39/2019 og 27/2020.

⁶ Í samrunaskrá kemur fram að dótturfélag Kviku, GAMMA Capital Management hf. eigi 75% hlutdeildarskrteina í fagfjárfestastjóðnum SOLIDUS, sem eigi 19,47% hlut í fjártækniyrirtækinu Aur app ehf. Samkvæmt ársreikningi Aurs app ehf. fyrir árið 2019, átti Nova hf. 51,33% hlut í Aur app. Af þessu fæst ekki séð að samstæða Kviku hafi yfirráð yfir Auri app ehf.



„Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast vegna samruna Kviku hf. og Netgíró hf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson